

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2023

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmd markaðskönnunar og undirbúning útboðs á póstmargaði, 462. mál**

Dropp tekur undir tillögu flutningsmanna. Dropp er jafnframt sammála því sem fram kemur í greinargerð tillögunnar um að brýnt sé að ljúka vinnunni áður en alþjónustuframlag er veitt vegna ársins 2023.

Að mati Dropp stafa þau vandamál sem rakin eru í greinargerð tillögunnar að mestu leyti af bágu eftirliti með því að lögum um póstpjónustu sé rétt framfylgt. Dropp beinir því til flutningsmanna að vilji þeir sjá úrbætur á póstmargaði og koma í veg fyrir frekari röskun á samkeppni beiti þeir sér einnig fyrir því að útreikningar á alþjónustuframlagi síðustu ára verði endurskoðaðir án tafar.

### **Endurskoðun á útreikningum á alþjónustuframlagi**

Dropp er sammála því sem fram kemur í greinargerð tillögunnar þar sem stendur:

*„Útlit er fyrir að ekki hafi verið stuðst við sömu reglur hér og erlendis við útreikning á alþjónustuframlagi. Þannig hafi framlag verið veitt vegna þjónustu sem veitt er á markaðsforsendum af samkeppnisaðilum.“*

Í greinargerðinni stendur einnig:

*„Nú þegar hefur yfir milljarður verið greiddur Íslandspósti ohf. fyrir að veita þjónustu á venjulegum viðskiptagrundvelli og/eða þjónustu sem fyrirtækið veitir umfram lágmarkskröfur. Tilfærslurnar hafa valdið mikilli röskun á samkeppni og eftirspurn og orðið til þess að fyrirtæki sækja ekki frekar inn á markaðinn vegna niðurgreiddrar þjónustu ríkisins.“*

Dropp er ekki kunnugt um hvaðan þær upplýsingar koma um að yfir milljarður hafi nú þegar verið greiddur Íslandspósti ohf. fyrir að veita þjónustu á venjulegum viðskiptagrundvelli og/eða þjónustu sem fyrirtækið veitir umfram lágmarkskröfur. Þessi staðhæfing kemur Dropp hins vegar ekki á óvart.

Ef þessi staðhæfing er rétt er vandséð að slík framlög hafi verið samrýmanleg lögum um póstpjónustu, nr. 98/2019, og reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð. Dropp telur því

mjög mikilvægt að framlög síðustu ára frá Íslenska ríkinu til Íslandspóstis ohf. verði endurskoðuð og að vinnubrögð og aðferðafræði eftirlitsaðila við ákvarðanir um endurgjald til handa Íslandspósti ohf. verði tekin til skoðunar áður en alþjónustuframlag er veitt vegna ársins 2023.

### **Möguleg röskun á samkeppni af völdum útboðs**

Dropp tekur undir tillögu flutningsamanna um að hefja skuli undirbúning útboðs á þeim þjónustubáttum eða landsvæðum þar sem lágmarksþjónusta er ekki veitt á markaðsforsendum. Dropp vill hins vegar vekja athygli á mögulegri röskun á samkeppni sem gæti hlotist af slíku útboði.

**Dæmi:** Samið hefur verið við flutningsfyrirtæki í kjölfar útboðs um að veita pósthjónustu á svæði þar sem lágmarksþjónusta er ekki veitt á markaðsforsendum. Íbúi á þessu svæði verslar vörur í netverslun og vill nýta sér þessa þjónustu, enda er þjónustan að hluta til greidd af Íslenska ríkinu og markmiðið með útboðinu var að þessi þjónusta stæði viðskiptavininum til boða. Til þess að viðskiptavinurinn geti nýtt sér niðurgreiddu þjónustuna þarf netverslunin að vera í viðskiptasambandi við flutningsfyrirtækið. Af þessu leiðir að öll fyrirtæki og netverslanir sem vilja bjóða sínum viðskiptavinum að nýta niðurgreiddu þjónustuna þurfa að vera í viðskiptasambandi við flutningsfyrirtækið sem vann útboðið.

Hagurinn af þessu fyrir flutningsfyrirtækið er mikill, sér í lagi ef flutningsfyrirtækið býður afslætti af niðurgreiddu þjónustunni gegn því að önnur þjónusta þess sé keypta af því líka. Þetta er nákvæmlega sú staða sem er uppi í dag hjá Íslandspósti, sem eitt fyrirtækja getur boðið upp á þjónustu niðurgreidda af Íslenska ríkinu á óvirkum markaðssvæðum. Í dag býður Íslandspóstur verulega afslætti af niðurgreiddu þjónustunni gegn því að fyrirtæki sendi ákveðinn fjölda sendinga með Íslandspósti, óháð því á hvaða svæði þessar sendingar eru að fara. Fyrirtæki hafa því mikinn hvata til þess að nýta sér einnig þjónustu Íslandspósta á svæðum þar sem samkeppni ríkir.

Ef markmiðið með útboði er eingöngu að lágmarka kostnað ríkissjóðs þá er þetta ekki endilega slæmt, a.m.k. ekki til skamms tíma, þar sem flutningsfyrirtæki munu taka tillit til þessa ávinnings þegar þau taka þátt í útboðinu. Þetta mun hins vegar vinna gegn markmið laganna um að efla samkeppni á markaði fyrir pósthjónustu. Auk þess getur þetta skapað ríkissjóði aukinn kostnað síðar meir þar sem mögulegum þáttakendum í útboðum gæti fækkað ef samkeppni minnkar og fyrirtæki draga sig út af markaði fyrir pósthjónustu, þá verða ekki margir eftir sem geta tekið þátt í útboðum.

Dropp leggur til að horft verði til þessa við undirbúning útboðs. Hægt er að leysa þetta með nokkrum leiðum, t.d. með því að tryggja að fyrirtæki sem vinnur útboðið þurfu að taka við sendingum frá öðrum fyrirtækjum sem veita pósthjónustu með einföldum hætti. Einnig væri hægt að setja skilyrði um að ekki megi gefa afslátt af þjónustunni sem útboðið nær til, eða a.m.k. að ekki megi gefa afslætti sem eru háðir því að fyrirtæki nýti sér einnig aðra þjónustu flutningsaðilans.

Dropp áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá eru forsvarsmenn Dropp reiðubúnir að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllt  
f.h. Dropp ehf.



---

Hrólfur Andri Tómasson  
framkvæmdastjóri